



## Umhverfis og skipulagsráð

Reykjavík 20. júní 2023  
USK23030291

### Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hreinsun á Tjörninni í Reykjavík – svar USK.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 3. maí 2023 var lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um um hreinsun á tjörninni í Reykjavík, sbr. 26. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023.

*Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 22. mars 2023:*

Fulltrúi Flokks fólksins er oft spurður um hvort hann telji að meirihlutinn taki ákvörðun um að láta hreinsa tjörnina, t.d. fjarlægja rusl, hreinsa rusl úr tjörninni sjálfri, klippa runna og fjarlægja illgresi í kringum tjörnina. Mörgum finnst tjörnin hreinlega sóðaleg oft á tíðum. Til að hlúa að lífríki hennar þarf tjörnin að vera hrein og laus við mengun. Hættuleg efni geta auðveldlega ratað í tjörnina.

Spurt er hvað er langt síðan tjörnin var hreinsuð rækilega? Einnig hversu reglulega er tjörnin hreinsuð? Óskað er eftir lýsingu á hreinsun og hvað er það helst sem hreinsað er úr og í kringum tjörnina. Vitað er að vöktun er á þessum málum að einhverju leyti en fróðlegt væri að fá skriflegt svar um t.d. hvaða efni hafa fundist í tjörninni og hvaðan er talið að þau hafi komið?

Svar skrifstofu umhverfisgæða.

Rusl berst í Tjörnina eftir ýmsum leiðum. Rusli er fleygt í Tjörnina, það fýkur annars staðar frá, ýmsum viðburðum fylgir rusl t.d. kertafleytingum. Þegar líður á sumarið getur losnað upp vatnagróður sem safnast fyrir útfallið við lðnó sem þarf þá að hreinsa. Á sumrin eru að jafnaði starfsmenn borgarinnar á svæðinu sem fylgjast með og rusl er hreinsað eftir þörfum. Sama á við um umhverfi Tjarnarinnar. Á öðrum tímum ársins er eftirlit stopulla enda aðstæður aðrar svo sem snjór og frost á veturna.

Yfir sumartímamann eru stéttar hreinsaðar daglega af fuglaskít.

Náttúrustofa Kópavogs hefur vaktað lífríkið undanfarin ár og Heilbrigðiseftirlitið fylgist með vatnsgæðum. Kerfið hefur sýnt bata en þó hafa mælst óæskileg efni í vatninu í mælingum Umhverfisstofnunar sem líklega eru ættuð frá umferð. Vinna er í gangi í samvinnu við Umhverfisstofnun til að leita leiða til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Þórólfur Jónsson deildarstjóri náttúru og garða